



# HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS



Ársskýrsla 2014





# HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

## Gildi HSu



### FAGMENNSKA

- Við erum fagleg og umgöngumst notendur þjónustunnar af virðingu og nærgætni.
- Við erum opin fyrir þróun og nýbreytni í starfsemi og endurmetum vinnubrögð okkar í þeim tilgangi að bæta árangur.
- Við vinnum eftir skýrum verkferlum og virku gæðakerfi.



### VIRÐING

- Við sýnum notendum og samstarfsfólki virðingu.
- Við hlustum og tökum tillit til ólíkra sjónarmiða við úrlausn mála og samskipti okkar byggja á trausti til hvers annars.
- Við kappkostum að veita þjónustu á grundvelli jafnræðis og vinnum saman að lausn verkefna með velferð notenda þjónustunnar að leiðarljósi.



### SAMVINNA

- Við veitum góðri frammistöðu athygli og hvetjum hvert annað.
- Við deilum þekkingu og erum tilbúin að leita eftir handleiðslu hvert hjá öðru.
- Við vinnum saman sem ein heild að hagsmunum og þörfum þeirra sem leita til okkar.

# Efnisyfirlit

	Bls.
Frá forstjóra	5
Sjúkrasvið Selfossi	6
Hjúkrunardeildir Selfossi og starfssemistöflur göngudeildarþjónustu	7
Setin stöðugildi HSu, HSVe og HSSa	8
Starfssemisupplýsingar HSu, HSVe og HSSa	9
Heilsugæsla HSu	10
Starfssemistöflur	11
Úr rekstri HSVe	12-13
Gjafir til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands	14
Opnun göngudeildar á Selfossi	15
Úr rekstri HSu	16-17
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings, staðfesting ríkisendurskoðunar	18
Rekstrarreikningur 2014	19
Efnahagsreikningur 2014	20
Sjóðsstreymi 2014	21
Skýringar	22
Sundurliðanir skýringa	23-25
Tveggja ára yfirlit	26

**Útgefandi:** Heilbrigðisstofnun Suðurlands í október 2015.

**Umsjón og útlit:** Gerður Óskarsdóttir, í samstarfi við Hólmfríði Einarasdóttur og framkvæmdastjórn HSU.

**Ljósmynd á forsíðu:** Ljósmyndari Árni Sæberg. Myndin er af Vestmannaeyjum. Aðrar myndir eru í eigu HSU.

## Frá forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Tímamót urðu í heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi þegar allar heilsugæslustöðvar og sjúkrahús í umdæminu voru sameinuð í nýja Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) þann 1. október 2014. Með sameiningu runnu saman í eina heild Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands (HSSa), Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu) og Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum (HSVe). Starfstöðvar nýrrar stofnunar eru alls níu á tíu stöðum á Suðurlandi. Fjöldi starfsmanna er ríflega 500 manns og ný stofnun þjónar um 26 þúsund íbúum auk vaxandi fjölda ferðamanna sem fara um Suðurland á hverju ári.

Í upphafi sameiningarinnar lagði ég áherslu á að heimsækja allar starfstöðvar. Kynningar- og samráðsfundir voru haldnir um miðjan október með þátttöku um helmings allra starfsmanna á nýrri stofnun. Tilgangurinn var m.a. að ná fram samstarfi um sameiningarvinnuna. Góð þátttaka starfsmanna sýnir að áhugi á því að hafa áhrif á uppbyggingu nýrrar stofnunar er mikill.

Fjölmörg tækifæri hafa skapast við sameininguna sem felast í að styrkja heilbrigðisþjónustuna á Suðurlandi, viðhalda henni og auka getu til að veita sérhæfða þjónustu í krafti stærðarhagkvæmni. Markmiðið er einnig að auka öryggi og gæði þjónustu með virkari þjónustustýring og samhæfingu heilbrigðisþjónustu sem byggir á þörfum íbúa. Rekstrarlega hafa skapast styrkari þjónustu- og stjórnunareiningar. Það ætti að auðvelda að finna leiðir til að bæta kostnaðarstýringu vegna vöru- og þjónustukaupa og bæta nýtingu tækja og búnaðar. Meðal starfsmanna er einnig hægt að auka möguleika á samvinnu og samnýtingu þjónustupáttá, efla þjálfun, kennslu og endurmenntun heilbrigðisstétta. Mannauðurinn er ómetanlegur og þátttaka starfsmanna lykillinn að árangri, ásamt samstarfi við sjúklinga og þjónustuþega.

Á HSU starfar sterk liðsheild og mikill árangur hefur þegar náðst í sameiningarferlinu. Það eru spennandi tímar framundan við að byggja upp enn öflugri heilbrigðisstofnun. Framundan eru fjölmörg verkefni er tengjast stefnumótun fyrir þjónustu og verkferla hjá stofnuninni. Hlutverk okkar er að leggja grunn að skipulagi almennrar heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu í umdæminu og jafnframt að tryggja íbúum jafnan aðgang að henni, fyrir þá fjármuni sem við höfum til afnota.

Ég trúir að á HSU séu fjölmörg tækifæri til að nýta auðlindir og skapa ábata, sjúklingum og þjónustuþegum til farsældar og stofnuninni til framdráttar. Við stefnum bjartsýn fram á við með fagmennsku, samvinnu og virðingu að leiðarljósi.

**Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri.**



## Sjúkrasvið Selfossi



**Lyflækningadeild:** Á deildinni eru 18 legurúm sem opin eru allan sólarhringinn. Að auki eru 6 dagdeildarrúm fyrir aðgerðasjúklinga. Starfsemi deildarinnar er mjög fjölbætt og yfirgripsmikil. Þar starfa reyndir hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar auk sérfræðinga í lyflækningum, skurðlækningum og sjúkraþjálfari.

Á deildinni fer fram almenn- og bráðabjónusta í lyflækningum. Jafnframt er sinnt dagdeildarþjónustu á sviði lyflækninga. Flestir sjúklingar sem leggjast inn koma vegna bráðra veikinda. Aðgerðir eru á skurðstofu stofnunarinnar 3 daga í viku. Handlæknishluti deildarinnar sinnir þeim sjúklingum sem þurfa að leggjast inn eftir þessar aðgerðir. Talsvert er um að bæklunarsjúklingar koma frá Landspítala til endurhæfingar.

Á deildinni er vaktþjónusta sérfræðings allan sólarhringinn og til staðar er sérfræðiþekking í almennum lyflækningum, hjartalækningum og meltingarfærasjúkdómum. Meginhlutverk deildarinnar er að veita almenna- og bráðabjónustu. Auk þess veitir deildin sjúklingum með langvinna sjúkdóma þjónustu og þar er einnig veitt líknandi meðferð.

Á árinu 2008 hófst samstarf við LSH vegna lyfjagjafa krabbameinssjúkra einstaklinga á HSu.

Nú hafa aðrar sérhæfðar lyfjagjafir fylgt í kjölfarið sem áður var eingöngu sinnt á LSH sem sparar sjúklingum bæði tíma og ferðakostnað sem annars hefði fylgt meðferðinni.

**Fæðinga- og kvensjúkdómadeild:** Á deildinni eru 2 rúm fyrir sængurkonur. Fæðingaradeild HSu hefur fjölbætt hlutverk. Þar er ekki einungis tekið á mótí börnum og annast um sængurkonur heldur sinnir deildin einnig konum með meðgöngutengd vandamál sem þurfa stutta innlögn eða göngudeildarþjónustu. Að auki eru haldin á deildinni fæðingarundirbúningsnámskeið fyrir verðandi foreldra. Konur sem fara í kvensjúkdómaaðgerðir leggjast einnig inn á deildina. Allri mæðravernd á Selfossi er sinnt á fæðingaradeildinni auk þess

sem mæðravernd á heilsugæslustöðvum utan Selfoss er skipulögð af ljósmæðrum deildarinnar. Ljósmóðir á næturvakt tekur bakvakt fyrir hjúkrunardeildir HSu.

**Bráða- og slysamóttaka:** Á Selfossi er rekin bráða- og slysamóttaka og er hún opin allan sólarhringinn. Þangað koma slasaðir og bráðveikir. Daglega leita á bilinu 20-70 manns á móttökuna ásamt því að fjölda manns sem þiggur ráðgjöf í síma. Á bráða- og slysamóttöku eru 2 rúm sem notuð eru í skammtímaveikindum.

**Skurð- og speglunardeild:** Skurðaðgerðir eru gerðar 3 daga í viku. Helstu aðgerðirnar eru: Háls- nef- og eyrnaaðgerðir, og kvensjúkdóma- og ófrjósemisaðgerðir. Á speglunardeild eru maga- og ristilspeglanir framkvæmdar þrjá daga í viku. Á skurðstofunni fer fram öll þökkun og sóttreinsun fyrir sjúkradeildir og heilsugæslu Selfoss.





## Hjúkrunardeildir Selfossi

Á Ljósheimum og Fossheimum eru 40 hjúkrunarrými og þar af eru 8 rúm vegna minnisbilaðra og 2 hvíldarrými.

Á hjúkrunardeildunum er veitt einstaklingshæfð hjúkrun þar sem hjúkrunarfræðingur, sjúkraliði og starfsstúlka hafa umsjón með hverjum einstaklingi. Leitast er við að uppfylla líkamlegar, andlegar og félagslegar þarfir í samvinnu við aðstandendur og annað starfsfólk deildarinnar. Á deildunum er leitast við að aðstoða og styrkja einstaklinga í athöfnum daglegs lífs. Virkni í daglegu lífi er nauðsynleg og getur hún falist í ýmis konar athöfnum allt eftir áhuga, vilja og getu hvers og eins. Virkni getur til dæmis falist í samveru og spjalli, föndri, söngstund, leikfimi eða göngutúr.

Vinafélag heimilisfólks á Ljósheimum og Fossheimum hefur verið mikilvægur bakhjarl deildanna en meginmarkmið félagsins er að efla tómstunda- og afþreyingarstarf fyrir heimilisfólk á Fossheimum og Ljósheimum. Einnig auka möguleika þeirra á tilbreytingu í daglegu lífi og að standa fyrir fræðslu um sjúkdóma og áhersluþætti sem snúa að eldra fólki.

## Göngudeildarþjónusta HSu



\*Augnlæknar nota ekki allir sama kerfið, því telst einn samkv. fjöldi bókana, ekki fjöldi sjúklinga eða heimsóknna.

## Setin stöðugildi HSu, HSve og HSSa 2012, 2013 og 2014

Setin stöðugildi (afleysingar meðtaldar)	2014	2013	2012
Sérfræðingar og stjórnendur í lækningum	19,7	23,7	21,2
Aðstoðarlæknar	3,6	9,6	9,4
<b>Læknar</b>	<b>23,3</b>	<b>33,3</b>	<b>30,7</b>
Lyfjafræðingar/næringarráðgjafar	0,0	0,0	0,0
Lífeindafræðingar	4,3	6,0	5,9
Geislafræðingar	2,5	4,3	4,1
Sjúkraþjálfarar	1,5	1,3	1,0
Iðjuþjálfarar	1,5	1,5	1,4
Aðrir og aðstoðarmenn	0,5	1,0	1,5
<b>Geisla-, lyfja-lífeindafr., þjálfarar</b>	<b>10,3</b>	<b>14,1</b>	<b>13,9</b>
Stjórnendur í hjúkrun, verkefnastjórar	18,3	16,7	14,9
Ljósmaður	7,2	8,3	7,6
Hjúkrunarfræðingar, nemar	33,6	46,8	38,9
<b>Hjúkrunarfræðingar, ljósmaður</b>	<b>59,2</b>	<b>71,9</b>	<b>61,4</b>
Sjúkraliðar og nemar	46,4	67,3	55,1
Félagsliðar	2,6	2,8	0,0
Deildarritarar	0,9	2,3	1,9
Býtibúr og ræsting	5,6	9,6	3,3
Aðstoð við hjúkrun	33,7	29,5	20,7
<b>Sjúkraliðar og aðstoð v. hjúkrun</b>	<b>89,2</b>	<b>111,5</b>	<b>81,0</b>
Sálfræðingar og trúarleg þjónusta	2,0	2,0	2,2
Félagsráðgjafar	0,0	0,0	0,0
Kennsla og bókasafn	0,0	0,0	0,0
<b>Félagsleg þjónusta og kennsla</b>	<b>2,0</b>	<b>2,0</b>	<b>2,2</b>
Forstöðumenn þjónustudeilda	3,7	5,6	5,5
Aðstoðarmenn	29,7	32,1	27,1
<b>Eldhús,saumastofa, ræsting</b>	<b>33,4</b>	<b>37,7</b>	<b>32,5</b>
Tæknimenn	2,6	3,3	2,1
<b>Tæknimenn</b>	<b>2,6</b>	<b>3,3</b>	<b>2,1</b>
Stjórnendur, skrifstofumenn (innkaupadeild talin hér)	11,6	16,4	15,2
Tölvunar- og kerfisfræðingar	0,0	0,0	0,0
Móttökuritarar	12,5	15,0	14,4
Læknaritarar	9,2	14,2	12,8
<b>Stjórnun og skrifstofufólk</b>	<b>33,3</b>	<b>45,6</b>	<b>42,4</b>
Vaktmenn	0,2	0,6	0,8
Sjúkraflutningar	19,6	19,6	19,4
<b>Samtals:</b>	<b>273,1</b>	<b>339,5</b>	<b>286,3</b>
<b>Heildarfjöldi starfsmanna:</b>	<b>697</b>	<b>681</b>	<b>678</b>



## Starfssemisupplýsingar 2013 og 2014

	HSu		HSVe		HSSa	
Heilsugæsla	2014	2013	2014	2013	2014	2013
Heildarfjöldi samskipta	148.976	162.784	42.554	*43.336	15.943	17.923
Komufjöldi til heimilislækna	39.082	38.828	7.741	9.699	5.627	5.076
Komufjöldi til hjúkrunarfræðinga	12.447	12.070	****3.472	4.594	2.413	2.200
Fjöldi með erlent ríkisfang	6,5%	6,3%	1,8%	2,8%	7,1%	5,5%
Fjöldi utan upptökusvæðis	14,0%	14,6%	8,4%	15,4%	12,0%	14,8%
<b>Heimahjúkrun</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>
Heildarfjöldi vitjana	14.175	9.442	3.245	2.513	5.442	6.150
<b>Sjúkrasvið</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>
Heildarfjöldi fæðinga	82	58	9	25	2	3
Heildarfjöldi innlagna á fæðingardeild	286	224				
Heildarfjöldi legudaga á fæðingardeild	505	761				
Meðallegutími á fæðingardeild	1,7	3,4				
Heildarfjöldi skurðaðgerða	338	469	202	200		
Heildarfjöldi speglana	**559	652	77	128		
Heildarfjöldi innlagna	576	679	*****338	373	95	99
Heildarfjöldi legudaga í sjúkrarýmum	4.373	4.399	3.317	3.326	2.199	1.071
Meðallegutími í sjúkrarýmum	7,4	6,4	20,4	9,6	23,1	10,8
Ferliverk á dagdeild			539	430		
<b>Hjúkrunarsvið</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>
Heildarfjöldi innlagna	51	51	24	16	6	8
Heildarfjöldi legudaga í hjúkrunarrýmum	14.352	14.484	3.246	2.151	8.755	8.262
Meðallegutími í hjúkrunarrýmum	156,0	159,2	135,3	134,0	1120,0	954,0
<b>Bráðamóttaka</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>
Heildarfjöldi af komum	***8.637	10.654	5.461	2.358		
Heildarfjöldi símtala	4.941	4.985				
Fjöldi einstaklinga á skammverueiningu	625	585				
Slysa- og bráðkomur á sjúkradeild			263	227		
Fjöldi með erlent ríkisfang	8,4%	7,3%	5,5%	4,6%		
Fjöldi utan upptökusvæðis	22,2%	22,8%	9,3%	12,4%		

**Skýringar á töflu:** \*Fækkun samskipta við heilsugæslu Selfoss skýrist af því að heimahjúkrun var talin þar með áður en er núna talin sér. \*\*Fækkun var í fjölda speglana og skurðaðgerða á Selfossi, skýrist af því að þar fækkaði læknum. \*\*\*Fækkun í komum á Bráðamóttöku Selfossi skýrist af því að áður voru komur á opnu móttöku lækna taldar þar með. \*\*\*\*Fækkun í komum til hjúkrunarfræðinga í Vestmannaeyjum skýrist af því að tölur frá ungbarnavernd eru ekki þar með. \*\*\*\*\*Fækkun innlagna á sjúkrasviði í Vestmannaeyjum skýrist af því að tölur vantaði frá dagdeild.



Ný framkvæmdastjórn HSU í árslok 2014.



Fráfarandi framkvæmdastjórn HSU 2014.

## Heilsugæsla HSu

HSu starfrækir 8 heilsugæslustöðvar á Suðurlandi, á Selfossi, í Hveragerði, í Þorlákshöfn, í Laugarási, á Hellu og Hvolsvelli, í Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri. Á öllum stöðvunum er veitt grunnþjónusta með áherslu á forvarnir og fræðslu, lækniþjónusta, bráða- og slysaþjónusta, vaktþjónusta, skólaheilsugæsla, heimahjúkrun, mæðra- og ungbarnavernd, hjúkrunarfræðiþjónusta og sálfræðiþjónusta.

Á heilsugæslunni er unnið fjölbreytt starf af læknum, hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Auk venjubundinna starfa heilsugæslunnar eru framkvæmdar ýmsar rannsóknir s.s hjartalínurit, beinþéttnimælingar, öndunarpróf og heyrnamælingar.



**Móttaka sjúklinga:** Móttaka lækna og hjúkrunarfræðinga er alla virka daga. Um er að ræða almenna móttöku sem sinnt er af starfsfólki sérhæfðu í heilsugæslulækningum og heilsugæsluhjúkrun.



**Heimahjúkrun:** Markmið heimahjúkrunar er að veita einstaklingshæfða, markvissa, árangursríka og faglega heimahjúkrun, með það að markmiði að gera þeim, sem þjónustunnar njóta, kleift að búa heima við sem eðlilegastar aðstæður þrátt fyrir veikindi, heilsuþrest eða öldrun. Skipulögð kvöld- og helgarþjónusta er á heilsugæslustöðvum Þorlákshafnar, Hveragerðis og Selfoss.

**Meðgönguvernd:** Markmið meðgönguverndar er að stuðla að heilbrigði móður og barns. Veita faglega umönnun, stuðning og ráðgjöf, að greina áhættuþætti og bregðast við þeim og að veita fræðslu um meðgöngu og fæðingu.



**Ung- og smábarnavernd:** Markmið ungbarnaverndar er að fylgjast reglulega með heilsu og framförum á þroska barna, andlega, félagslega og líkamlega. Einnig að styrkja foreldra í umönnun ungbarna, smábarna og skólubarna með ýmskonar fræðslu og ráðgjöf.


**Skólaheilsugæsla:** Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Unnið er í náinni samvinnu við foreldra eða forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Á svæði HSu eru 16 grunnskólar í umsjá skólaheilsugæslu.

**Sérhæfð móttaka og þjónusta:** Sérhæfðar móttökur eru t.d stuðningur við of þunga, astma- og lungnamóttaka, unglíngamóttaka, sykursýkismóttaka, sáramóttaka, þvaglekamóttaka, fyrirtækjaþjónusta, starfsmannaheilsuefling, heilsueflandi heimsóknir til 80 ára og eldri, þjónusta við dvalar- og hjúkrunarheimili og sérstakt samstarf við leikskóla.


**Móttaka sérfræðilækna:** Barnalæknir, háls- nef- og eyrnalæknir, augnlæknar, kvensjúkdómalæknir, hjartalæknir og meltingarfæralæknir eru m.a. með móttöku á heilsugæslustöðvum.

**Greiningarteymi barna:** Greiningarteymi barna er samstarfsverkefni HSu, Skólaskrifstofu Suðurlands, auk sveitafélagsins Árborgar. Til teymisins er vísað málum barna frá fæðingu að 10 ára aldri þar sem grunur er um þroskafrávik.


### Skipting rannsókna eftir stöðum árið 2014




### Fjöldi eininga á Rannsókn HSu




### Fjöldi sjúkraflutninga



### Meðaltímalengd sjúkraflutninga




### Myndgreiningarrannsóknir



\*Ómskoðanir í Vestmannaeyjum 2014, voru einungis gerðar hluta af árinu. Venjulega eru þær um 100.

\*Skýring á háum meðaltíma Selfoss er að Selfoss kemur á móti bílum frá öðrum stöðvum og klárar flutning sjúklings.  
\*\*Sömu skýringar með meðaltímann, það kemur bíll á móti Höfn og svo er töluvert hátt hlutfall á sjúkraflugi frá Höfn.

### Hjartarannsóknir HSu



## Úr rekstri HSve Vestmannaeyjum

Ný þjónustuleið, svokölluð flýtimóttaka, á heilsugæslu var opnuð í byrjun árs sem liður í að bæta þjónustu heilsugæslunnar. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar sinna mótökunni og meta hvort þörf er á skoðun hjá vakthafandi lækni á dagvinnutíma. Hefur þetta breytta skipulag og aukin teymisvinna gefist vel og aukið skilvirkni í þjónustu.

Hreyfistjóri hóf störf á árinu, en hann er meðferðaraðili sem tekur á móti þeim sem hafa fengið uppáskrifaðan hreyfiseðil frá lækni. Hreyfistjóri útbýr hreyfiáætlun í samráði við færni, sjúkdómsástand og áhuga sjúklings. Forrit heldur utan um skráningar og eftirfylgni. Í meðferðinni er notuð vísindaleg þekking um áhrif hreyfingar sem forvörn eða meðferð.



Tölvubúnaður var endurnýjaður að mestu leyti eftir örútbóð á vormánuðum. Það var þörf endurnýjun fyrir starfsmenn og þjónustuna þar sem skipt var út um 11 ára gömlum tækjabúnaði. Innri vefur fyrir starfsmenn var tengdur heimasíðu stofnunarinnar til að einfalda og bæta upplýsingaflæði og þjónustu. Einnig var Matráður, nýtt mótuneytiskerfi tekið í notkun, en kerfið heldur utan um úttektir á rafrænan hátt.

Afmælisfagnaður var haldinn 24. nóvember þegar þess var minnst að 40 ár voru liðin frá vígslu byggingar Sjúkrahúss Vestmannaeyja. Um 40 manns þáðu kaffi og veitingar á þessum tímamótum. Af því tilefni fluttu erindi Herdís Gunnarsdóttir forstjóri, Eydís Ósk Sigurðardóttir framkvæmdastóri hjúkrunar í Vestmannaeyjum og Hjörtur Kristjánsson framkvæmdastjóri lækninga. Herdís greindi frá framtíðarsýn nýrrar sameiginlegrar stofnunar en Eydís og Hjörtur röktu sögu Sjúkrahúss Vestmannaeyja. Þá var Héraðskjalasafni Vestmannaeyja afhent bréf og gögn sem geyma m.a. sögu byggingarinnar.

Ýmsar endurbætur voru á stofnunni og má þar helst nefna endurnýjun á loftræstikerfi í kjallara ásamt framkvæmdum sem tengjast brunavörnum, endurnýjun lagna og fleira. Heilsuvikan fór fram í mars og var starfsmönnum boðið upp á mælingar og mat á heilsufari. Ýmsir viðburðir, fyrirlestrar, námskeið og fjölbreytt hreyfing var í boði. Áhersla var lögð á að efla og vekja athygli á geðheilbrigði að þessu sinni. Starfsmenn voru hvattir til að ganga eða hjóla til vinnu þessa viku sem og aðra daga ársins. Vorgleðin var haldin síðasta vetrardag í Alþýðuhúsinu. Skemmtinefndin stóð sig með glæsibrag og þátttaka var mjög góð. Veittar voru gjafir til þeirra sem áttu starfsafmæli á árinu. Jónsmessugrill var haldið í júní. Þá var mikið lagt í undirbúning, ratleikir, grill og almenn sönggleði að hætti Eyjamanna.

Laufabrauðsgerð var haldin í desember undir handleiðslu Ævars Austfjörð bryta. Metþátttaka var á viðburðinn, starfsmenn mættu með fjölskyldur sínar og allir fóru glaðir heim með falleg og skrautleg laufabrauð. Jólballið var einnig á sínum stað í desember. Það var hlýleg stund með fjölskyldum starfsmanna, sjúklingum og aðstandendum þeirra.









### Gjafir til Vestmannaeyja 2014

Rebakkustúkan Vilborg nr. 3 í Vestmannaeyjum gaf Epcó blóðgasmælitæki. Tækið nýttist mjög vel í bráðatilfellum og við ákvörðun á meðferð sjúklinga. Konur í Slysavarnadeildinni Eykyndli Vestmannaeyjum komu einnig færandi hendi og gáfu öryggismerki á barnavagna og kokhólk sem mælir stærð á smádóti. Mikilvæg gjöf til að sinna forvörnum í slysvörnum barna.

Nýr blóðkornateljari (hematologia) á rannsóknardeild var keypt á árinu, mikil þörf var á endurnýjun á slíku tæki vegna tíðra bilana á eldra tæki.

**Eydís Ósk Sigurðardóttir,**  
framkvæmdastjóri hjúkrunar HSve





\* Augnlæknar- upplýsingar bárust ekki

## Gjafir til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands



**Styrtarsamtök heilsugæslustöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri** gáfu Heilsugæslustöðinni á Klaustri tæknibúnað til notkunar í fjarheilbrigðisþjónustu og fylgihluti, samtals að verðmæti kr. 7,5 millj.



**Kvenfélag Eyrarbakka** gaf bráða- og slysamóttöku Selfoss blóðþrýstingsmæli og hjólastand að verðmæti kr. 352 þús. og brjóstadælu fyrir mæðravernd Heilsugæslu Selfoss að verðmæti kr. 238 þús. Samtals verðmæti gjafa kr. 590 þús.



**Kvenfélag Laugdæla** gaf Heilsugæslu Laugaráss peningagjöf, ágóði af bingósölu að upphæð kr. 100 þús.



**Lionsklúbburinn Dynkur** gaf Heilsugæslustöð Laugaráss peningagjöf að upphæð kr. 150 þús.

**Vinafélag Ljósheima og Fossheima** gaf hjúkrunardeildinni á Fossheimum 50" sjónvarp að verðmæti kr. 150 þús.

**Helga Kristín Þórarinsdóttir og fjölskylda** gáfu hjúkrunardeildinni á Fossheimum 2 hægindastóla að verðmæti kr. 200 þús.

**Kvenfélag Oddakirkju** gaf heilsugæslu Rangárþings EKG ransóknatæki að verðmæti kr. 496 þús. og Eyrnaskol System ásamt fylgihlutum að verðmæti kr. 75 þús.

**Kvenfélagið Eining** gaf heilsugæslu Rangárþings mælitæki Nycocard, Reader að verðmæti kr. 150 þús.

**Kvenfélag Hveragerðis** gaf heilsugæslustöðinni í Hveragerði peningagjöf að upphæð kr. 200 þús.

**Hótel Selfoss** afhenti stofnuninni 15 stk. af 20" sjónvarpsskjám.

**Aðstandendur Ragnheiðar Guðmundsdóttur**, gáfu samlokugrill á Fossheima fyrir góða umönnun hennar á deildinni.

**Kvenfélag Selfoss** gaf Heilsugæslu Selfoss súrefnismettunar-mæli að verðmæti tæpl. kr. 72 þús.

**Elín Þórðardóttir og systkini** gáfu kr. 100 þús. til Ljósheima til minningar um Eyrúnu Guðmundsdóttur frá Kálfhóli.

**Guðrún Brynjólfsdóttir, Árni Sigursteinsson og fjölskylda þeirra** gáfu 50" sjónvarp á Fossheima að verðmæti kr. 150 þús.

**Rangárvallasýsludeild Rauða krossins á Íslandi** gaf heilsugæslu Rangárþings Lucas hjartahnoðtæki, að verðmæti tæpl. kr. 2.5 millj. til minningar um Einar Erlendsson.

**Hvítasunnusöfnuðurinn á Selfossi** gaf HSu leikföng að verðmæti 250 þús. Leikföngin nýtast sem verðlaun til barna.

**Oddný Jósepsdóttir** færði Heilsugæslunni í Laugarási stafræna myndavél og bók um snemmtæka íhlutun í málþroska barna.

**Heildarverðmæti gjafa eru um 25.9 millj. króna**



**Lionsklúbbarnir Embla, Selfoss, Geysir, Eden, Laugardalur og Skjaldbreiður** gáfu sjúkraflutningum Árnassýslu Lucas hjartahnoðtæki, að verðmæti tæpl. kr. 2.5 millj.



**Kvenfélag Eyrarbakka** gaf Bráða- og slysamóttöku Selfoss tæki. Samtals verðmæti gjafa kr. 590 þús.

## Ný göngudeild á Selfossi formlega opnuð 12. desember

Á nýju deildinni er lögð megináhersla á lyfjameðferð erfiðra lyflæknisvandamála svo sem krabbameinsmeðferðar. Á deildinni eru starfræktar 2 blóðskilunarvélar fyrir nýrnabilaða einstaklinga og fer meðferðin fram í samráði við sérfræðinga frá LSH.

Deildin er að miklu leyti orðin til vegna frumkvæðis sjúklinganna sjálfra, aðstandanda þeirra, heilbrigðisstarfsmanna og velunnara stofnunarinnar.

Upphafið af söfnun göngudeildarinnar var að á Læk í Flóa fæddist hvítur kálf-ur sem gefinn var til uppboðs af Guðbjörgu Jónsdóttur og börnum hennar til minningar um eiginmann og föður, Gauta Gunnarsson, sem lést úr krabbameini. Hvíti Gauti var síðan seldur á uppboði á sunnlenska sveitadeginum í maí 2014.

### Peningagjafir til styrktar göngudeild Lyflækninga Hsu á Selfossi samtals rúmlega kr. 8.5 millj.

Gjafir þessar eru frá einstaklingum, starfsmönnum og félagasamtökum.

**Uppboð** á Hvíta Gauta, Jóna Sveinbjörnsdóttir kr. 1 millj.

**Arion banki**, peningagjöf kr. 2.5 millj.

**Jötunn Vélar ehf.**, peningagjöf kr. 40 þús.

**Stóra Ármót**, peningagjöf kr. 80 þús.

**Vélaverkstæði Þóris**, peningagjöf kr. 100 þús.

**Landssamband sauðfjárbændna**, peningagjöf kr. 80 þús.

**Landssamband kúabændna**, peningagjöf kr. 100 þús.

**Bændasamtök Íslands**, peningagjöf kr. 100 þús.

**Sigríður Guðjónsdóttir**, peningagjöf kr. 50 þús.

**Erla Hlökkversdóttir**, peningagjöf kr. 5 þús.

**Geir Þórðarson**, peningagjöf kr. 100 þús.

**Afgangur af ættarmóti**, Þóra Bjarney Jónsdóttir kr. 15 þús.

**Starfsmenn HSu**, kr. 60 þús.

**Sigurður Jónsson**, ágóði af myndasölu kr. 200 þús.

**Áheitaþanga** þeirra Björns Magnússonar, yfirlæknis, tengdasonar hans Hálfðans Steinþórssonar og Benedikts Höskuldssonar, rúml. kr. 1.7 millj. (áheiti fyrirtækja og 1 millj. frá Verkalýðsfélagi Suðurlands, Hellu).

**Lagnabjónustan**, peningagjöf kr. 150 þús.

**Kvenfélag Flóahrepps**, peningagjöf rúml. kr. 1.3 millj. sem var afrakstur af handverksmarkaði sem haldinn var á Þingborg í nóv.

**Oddfellow stúkan Hásteinn nr. 17** styrkti göngudeildina með fjárframlagi til kaupa á blóðþrýstingsmæli að upphæð kr. 259 þús.

**Oddfellow Rebekku stúkan Þóra nr. 9** styrkti göngudeildina með fjárframlagi til kaupa á þremur lyftistöllum kr. 323 þús.

**Kvenfélag Hveragerðis** peningagjöf að upphæð kr. 250 þús.



Herdís Gunnarsdóttir forstjóri, Björn Magnússon yfirlæknir Lyflækningadeildar og Katrín Ósk Þorgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur á göngudeild voru meðal þeirra sem fluttu ávarp við opnunina.



Fjöldmargir tóku á móti þakkarbréfi úr hendi Estherar Óskarsdóttur skrifstofustjóra HSu.



Við opnunina var gestum boðið að skoða nýju göngudeildina.

**Heilbrigðisstofnun Suðurlands færir öllum gefendum bestu þakkir fyrir höfðinglegar gjafir. Ómetanlegt er fyrir stofnunina að finna þann hlýhug sem gjöfunum fylgir. Megi Guðs blessun fylgja starfi stofnunarinnar og gefendum**



## Úr rekstri HSu

Á árinu voru 10 ár frá sameiningu heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi og heilsugæslustöðva á Suðurlandi. Ákveðið var að halda upp á þessi tímamót og kjörin var afmælisnefnd til undirbúnings. Í afmælisnefndinni voru tilnefndir eftirtaldir fulltrúar: Gerður Óskarsdóttir, Guðlaug Einarsdóttir, Hrönn Arnardóttir, Ólöf Árnadóttir, Stefanía Geirsdóttir og Björn Magnússon. Ýmislegt var á döfinni afmælisárið, þar á meðal heilsuvika fyrir starfsmenn þar sem boðið var upp á heilsufarsmælingar.

Á heilsuvikunni var boðið uppá eftirtalin fræðsluerindi:

Líkamsbeiting – Guðrún Dadda Ásmundardóttir, iðjubjálfi.

Rétta hreyfingin fyrir þig – Gunnhildur A. Vilhjálmsdóttir, sjúkraþjálfari.

Næring og heilsa – Bjarnheiður Böðvarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og Björn Magnússon, yfirlæknir.

Húmor og gleði á vinnustöðum – Edda Björgvinsdóttir, leikkona.

Liðsheild – Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur.

Í framhaldi af þessu heilsufarsátaki voru skipulagðir göngu og hjólahópar starfsmanna á mörgum starfsstöðvum stofnunarinnar.

Afmælisnefndin lét einnig útbúa veggspjöld fyrir allar starfsstöðvar í máli og myndum og voru sýningar veggspjaldanna skipulögð og auglýst fyrir hverja starfsstöð sem endaði með sýningu á Selfossi með opnu húsi. Í boði voru kaffiveitingar, skemmtidagskrá og kveðjuathöfn fyrir fráfarandi forstjóra stofnunarinnar, Magnús Skúlason sem hætti störfum í septemberlok eftir 10 ára starf.

Þann 30. ágúst bauð stofnunin og starfsmannafélagið starfsmönnum í skemmtiferð í Þórsmörk og voru um 160 manns sem tóku þátt í þessari vel heppnuðu ferð. Boðið var uppá mismunandi gönguferðir og glæsileg grillveisla fyrir alla í boði HSu að lokum. Þeir félagar Björn læknir, Hálfván tengdasonur hans og Benedikt enduðu áheita gönguna í Mörkinni sem farin var til styrktar nýrri göngudeild lyflækningadeildar á Selfossi. Þeim félögum var vel fagnað í lok göngunnar.





